

Samningur skólameistara framhaldsskóla norðaustursvæði (Samnor) um klasasamstarf skólanna.

Þessi samningur tekur við af eldri samningi sem undirritaður var 17. desember 2018. Skólameistarar Framhaldsskólans á Húsavík, Framhaldsskólans á Laugum, Menntaskólans á Akureyri, Menntaskólans á Tröllaskaga og Verkmenntaskólans á Akureyri gera með sér eftirfarandi samkomulag um samstarf framhaldsskóla á norðaustursvæði með það að markmiði að:

1. Skapa nemendum skólanna framúrskarandi námsaðstæður i framsæknum skólum sem sinna markvissu þróunarstarfi.
2. Eiga samstarf um þróunarverkefni, námsframboð, stoðþjónustu, samkennslu áfanga, og samnýtingu starfsmanna eftir því sem við á, til þess að efla faglegt samstarf og auka rekstrarhagkvæmni.
3. Deila þekkingu og færni í símenntun og starfsþróun starfsmanna. Þá er bæði horft til ársfunda skólanna og menntabúða um einstakar greinar eða verkefni. Annað hvert ár er haldinn sameiginlegur fundur allra starfsmanna skólanna. Þar er áhersla á starfsþróun og fræðslu um sameiginleg málefni skólanna ásamt faggreinafundum.
4. Efla samstarf við önnur skólastig og menntastofnanir á svæðinu. Meðal annars með ársfundi þar sem boðið er til samtals um þá þætti skólastarfs sem hæst bera hverju sinni.
5. Virkt samtal sé milli skólanna meðal annars með því að skólameistarar haldi reglulega fundi þar sem rætt er um málefni skólanna og samstarfsáætlun þeirra.
6. Kynna sameiginlega námsframboð skólanna og auka samkeppnishæfni norðlenskra framhaldsskóla á landsvísu.

Árlega er gerð samstarfsáætlun fyrir hvert skólaár sem er endurskoðuð eftir því sem þurfa þykir.

Kostnaður af samstarfinu greiðist af skólunum fimm samkvæmt sérsamningi þar um. Skólarnir munu leita eftir fjármagni til að mæta þessum kostnaði.

Samningur þessi gildir frá undirritun og er uppsegjanlegur af hálfu hvers skóla með sex mánaða fyrirvara.

Akureyri 24. ágúst 2022

Valgerður Gunnarsdóttir FSH

Sigurbjörn Árni Arngrímsson Laugum

Karl Frímannsson MA

Lára Stefánsdóttir MTR

Sigríður Huld Jónsdóttir VMA

Undirritunarsíða

Samningur um klasasamstarf.
Karl Frímannsson

Samningur um klasasamstarf
Sigríður Huld Jónsdóttir

samningur um klasasamstarf
Lára Stefánsdóttir

Samningur um klasasamstarf
Sigurbjörn Árni Arngrímsson

Samningur um klasasamstarf
Valgerður Gunnarsdóttir